
STÖÐUGREINING HJÚKRUNARHEIMILA Á SUÐURLANDI



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

NÓVEMBER 2017

Inngangur

Árið 2015 ákvað stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) að greina stöðu hjúkrunarheimila á Suðurlandi. Skýrslan sem er í viðauka var unnin af samtökunum árið 2015. Á næstu tveimur síðum er skýrslan uppfærð miðað við stöðu málaflokksins í nóvember 2017. Það þótti nauðsynlegt þar sem þingmenn, ráðherrar og fleiri hafa kallað eftir uppfærðum upplýsingum um svæðið í heild og var ákveðið að bregðast við því ákalli. Ályktað hefur verið á ársþingum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um stöðuna um langt árabil og var það meðal annars eitt helsta áhersluatriði ársþings samtakanna nú á haustmánuðum. Biðlistar eru langir, skortur er á hjúkrunarrýmum í landshlutanum, þörf er víða á miklum endurbótum og nýbyggingum og rekstrarhalli er almennt viðvarandi vandamál. Sé litið 10 ár fram í tímann eru vandamálin ærin og við þeim þarf að bregðast í tíma.

Uppfært stöðumat er unnið af Unni Þormóðsdóttur sem situr í stjórn SASS og er jafnframt formaður Færni og heilsumatsnefndar heilbrigðisumdæmis Suðurlands. Upplýsingar um viðkomandi heimili í skýrslunni voru allar fengnar með spurningarkönnunum sem lagðar voru fyrir forstöðumenn heimila, í lok árs 2014. Nú er farið yfir hluta upplýsinganna aftur því miklar breytingar hafa orðið á þessum tveimur árum sem eru frá upphaflegu skýrslugerðinni. Hafa ber í huga að tölur um fjölda á biðlistum sem stuðst er við í skýrslunni eru frá 1. nóvember 2017. Um er að ræða lifandi tölur sem taka breytingum dag frá degi.

Samantekt og niðurstöður

Á Suðurlandi eru 242 hjúkrunarrými á 10 heimilum en þau voru 260 á 12 heimilum þar til fyrir tæpu ári síðan. Rýmum fækkaði eftir að forsvarsmenn Blesastaða hættu rekstri og Kumbaravogi var lokað. Á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum eru 48 einstaklingar en er það fjölgun um 20 síðan skýrslan var gerð 2015. Á biðlista eftir hvíldarrýmum eru 60 einstaklingar og er það fjölgun um 21. Af þeim sem bíða eftir hvíldarrýmum eru 11 einstaklingar sem jafnframt eru á biðlistum eftir varanlegri vistun. Heildar eftirspurn telur því 289 hjúkrunarrými í landshlutanum í dag fyrir varnalegar vistun. Miðað við reglu Heilbrigðisráðuneytis sem gerir ráð fyrir, að nota megi 10% rýma fyrir hvíldarinnlagnir, þarf að bæta 29 rýmum til viðbótar við reiknaða þörf sem verða þá 318 í heildina. Þarf því 76 hjúkrunarrými til viðbótar til að uppfylla núverandi þörf íbúa á Suðurlandi eftir hjúkrunarrýmum. Hjúkrunarrýmum á Suðurlandi þarf því að fjölga um tæp 32% til að bregðast við þessari þörf. Hefur þörfin aukist um 12% frá því fyrir tveimur árum. Mikill skortur á hvíldarrýmum kemur í veg fyrir að þau þjóni tilgangi sínum við að draga úr og seinka þörf á langtíma vistun í hjúkrunarrýmum. Af þeim 242 hjúkrunarrýmum í landshlutanum eru einungis 5 þeirra skilgreind sem hvíldarrými. Taka skal fram að af þessum 242 rýmum eru 12 hjúkrunarrými sem tímabundið færðust frá Kumbaravogi yfir til annarra heimila á svæðinu, 1 dvalarrými var líka tímabundið flutt á annað heimili innan svæðis. Gert er ráð fyrir að þau færast á nýtt heimili í Árborg þegar það opnar.

Af þeim 10 heimilum sem nú eru á Suðurlandi var þörf á endurbótum og nýbyggingum á 9 þeirra, þegar síðasta skýrsla kom út. Í kjölfar skýrslunnar 2015 fóru hjólin að snúast og hafa viðbyggingar risið eða eru að rísa. Á Hvolsvelli er verið að byggja og á þar að útrýma tvíbýlum, á Hellu er byggingin tilbúin og er hún fyrir heilabílaða og til að útrýma tvíbýlum, í Vestmannaeyjum er í byggingu lokuð deild fyrir heilabílaða. Ekki hefur þó fengist leyfi fyrir fleiri rýmum á þessum stöðum. Nú í októbermánuði 2017 samþykkti heilbrigðisráðherra nýbyggingu á Höfn til að útrýma tvíbýlum. Búið var að samþykkja nýtt hjúkrunarheimili í Árborg með 50 rýmum í stað Kumbaravogs og Blesastaða sem höfðu verið með 35 hjúkrunarrými. Bætt var við 10 rýmum við þessi 50 svo að hjúkrunarheimilið sem á að opna í byrjun árs 2020 verður 60 rýma með stækkunarmöguleika upp í 80 rými. Mannfjöldaspá Hagstofunnar til ársins 2025 sýnir fram á fjölgun um 41% í aldurshópnum 67 ára og eldri. Mikilvægt er að uppbygging og fjölgun rýma haldi áfram í takt við fjölgun aldraðra á svæðinu.

Þungur rekstur hefur dregið úr getu flestra heimilanna til að standa undir eðlilegu viðhaldi. Að mati forstöðumanna þyrftu daggjöld að hækka um 5 til 25% svo rekstur heimilanna standi undir sér. Áætla má út frá svörum forstöðumanna heimilanna, að sveitarfélög og stofnanir á Suðurlandi séu að greiða samtals um 200 milljónir króna á ári með rekstri heimilanna í landshlutanum. Taka skal fram að þetta er á verðlagi ársins 2015.

Stefna yfirvalda hefur verið að fækka dvalarrýmum. Töluverð eftirspurn hefur engu að síður verið eftir dvalarrýmum, sérstaklega íbúa úr dreifbýli, en nú bíða 18 einstaklingar á svæðinu eftir dvalarrýmisúrræði (1. nóvember 2017). Ástæða þess er í sumum tilvikum talin vera erfið skilyrði sökum mikilla vegalengda margra heimila frá þéttbýli. Bygging þjónustuíbúða er talin geta komið á mótis við þarfir þessa fólks að einhverju leyti og aukin þjónusta í heimahús þar sem því verður við komið.

Skýrslan frá 2015 er að öðru leyti óbreytt og til upplýsinga er hún höfð með hér á eftir sem viðauki.

Unnur Þormóðsdóttir

[Pessi síða á að vera auð.]

Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi



Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

apríl 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Samantekt og niðurstöður.....	8
Hjúkrunar- og dvalarrými á Suðurlandi	9
Gerð hjúkrunar- og dvalarrýma	9
Staða faglærðra starfsmanna hjúkrunarheimila	10
Þörf á endurbótum og nýbyggingum	10
Stærð og viðmiðanir hjúkrunarrýma	10
Rekstrarstaða hjúkrunarheimila.....	10
Aðstæður heimila eftir svæðum.....	11
Árnessýsla.....	11
Rangárvallasýsla	11
Vestmannaeyjar.....	12
Vestur-Skaftafellssýsla.....	13
Austur-Skaftafellssýsla.....	13
Staða á biðlistum	14
Þarfagreining	15
Íbúápróun á landinu öllu	15
Íbúápróun á Suðurlandi	16
Reiknuð þörf fyrir hjúkrunarrými í dag.....	16
Þarfagreining hjúkrunarrýma á Suðurlandi 2015 til 2025	17

Inngangur

Skýrsla þessi er unnin af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) að beiðni stjórnar samtakanna. Þingmenn, ráðherrar og fleiri hafa kallað eftir upplýsingum um svæðið í heild og sú staða sem nú er uppi hefur krafist frekari skoðunar. Ályktað hefur verið á ársþingum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um stöðuna um langt árabil og var það eitt helsta áhersluatriði ársþings samtakanna síðastliðið haust. Biðlistar eru langir, skortur er á hjúkrunarrýmum í landshlutanum, þörf er víða á miklum endurbótum og nýbyggingum og rekstrarhalli er almennt viðvarandi vandamál. Sé litið 10 ár fram í tímann eru vandamálin ærin og við þeim þarf að bregðast í tíma.

Skýrsla þessi er unnin af Þórði Frey Sigurðssyni starfsmanni samtakanna og Unni Þormóðsdóttur úr stjórn SASS. Upplýsingar um viðkomandi heimili í skýrslunni eru allar fengnar með spurningarkönnunum sem lagðar voru fyrir forstöðumenn viðkomandi heimila, í lok árs 2014. Hafa þeir í huga að tölur um fjölda á biðlistum sem stuðst er við í skýrslunni eru frá 24. febrúar 2015. Um er að ræða lifandi tölur sem taka breytingum dag frá degi.

Samantekt og niðurstöður

Á Suðurlandi eru 260 hjúkrunarrými á 12 heimilum. Á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum eru 28 einstaklingar og 39 einstaklingar eru á bið eftir hvíldarrýmum. Af þeim sem bíða eftir hvíldarrýmum eru 11 einstaklingar sem jafnframt eru á biðlistum eftir varanlegri vistun. Heildar eftirspurn telur því 316 hjúkrunarrými í landshlutanum í dag. Munar þar um 56 hjúkrunarrými sem þörf er á til viðbótar - til að uppfylla núverandi þörf íbúa á Suðurlandi eftir hjúkrunarrýmum. Hjúkrunarrýmum á Suðurlandi þarf því að fjölga um rúm 19% til að bregðast við núverandi þörf.

Af þeim 260 hjúkrunarrýmum í landshlutanum eru einungis 7 þeirra skilgreind sem hvíldarrými. Miðað við viðmið Velferðarráðuneytisins um hlutfall hvíldarrýma af heildarfjölda hjúkrunarrýma ætti fjöldi þeirra að vera um 26 til 39 eða öllu fleiri miðað við þá eftirspurn sem nú er. Mikill skortur á hvíldarrýmum kemur í veg fyrir að þau þjóni tilgangi sínum við að draga úr og seinka þörf á langtímavistun í hjúkrunarrýmum.

Af 12 heimilum á Suðurlandi er þörf á endurbótum og nýbyggingum á 11 þeirra. Þungur rekstur hefur dregið úr getu flestra heimilanna til að standa undir eðlilegu viðhaldi. Að mati forstöðumanna þyrftu daggjöld að hækka um 5 til 25% svo rekstur heimilanna standi undir sér. Áætla má út frá svörum forstöðumanna heimilanna, að sveitarfélög og stofnanir á Suðurlandi séu að greiða samtals um 200 milljónir króna á ári með rekstri heimilanna í landshlutanum.

Samkvæmt reiknireglu Velferðarráðuneytisins er heildarþörf hjúkrunarrýma á Suðurlandi metin um 255 rými. Áætla mætti að Sunnlendingar gætu því vel við unað. Það er þó fjarri lagi þar sem reiknireglan á meðal annars að taka til þeirra sem eru á biðlistum. Raunveruleg þörf fyrir fjölda hjúkrunarrýma er því vanmetin sem nemur allt að 30%. Skortur á hjúkrunarrýmum er staðreynd.


Vert er að taka fram að nú eru um 15 einstaklingar sem ekki eiga lögheimili í heilbrigðisumdæmi Suðurlands og enn fleiri sem fluttu á svæðið þegar þeir fengu hjúkrunarrými.

Mannfjöldaspá Hagstofunnar til næstu 10 ára eða til ársins 2025 sýnir fram á fjölgun um 41% í aldurshópnum 67 ára og eldri. Sé miðað við að eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum fylgi þeirri þróun er áætluð eftirspurn á Suðurlandi árið 2025 um 360 til 450 hjúkrunarrými, allt eftir því hvort stuðst sé við reiknilíkan Velferðarráðuneytisins eða framreiknaða þörf frá því sem nú er. Þær spár sem ganga lengst gætu verið ofmetnar að því leyti að eftirspurn eftir hvíldarrýmum gæti að hluta verið uppsafnaður vandi. Staðreyndin er sú að fjölga þarf hjúkrunarrýmum um 100 til 190 á næstu 10 árum eða um 40 til 70%. Að auki þarf að endurnýja stóran hluta rýma til að uppfylla kröfur samtímans og opinber viðmið til hjúkrunarrýma.

Stefna yfirvalda hefur verið á að fækka dvalarrýmum. Töluverð eftirspurn hefur engu að síður verið eftir dvalarrýmum, sérstaklega íbúa úr dreifbýli. Nú eru 22 einstaklingar að bíða eftir dvalarrýmum. Ástæða þess er í sumum tilvikum talin vera erfið skilyrði sökum mikilla vegalengda margra heimila frá þéttbýli. Bygging þjónustuíbúða er talin geta komið á móts við þarfir þessa fólks að einhverju leyti og aukin þjónusta í heimahús þar sem því verður við komið.

Hjúkrunar- og dvalarrými á Suðurlandi

Á Suðurlandi eru 260 hjúkrunarrými á 12 heimilum í landshlutanum. Þar af eru 7 hvíldarrými, 8 sérstök rými eru fyrir heilabílaða á Helbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi og 8 slík rými eru í byggingu á Lundi á Hellu. Þar af eru einnig 39 geðhjúkrunarrými og eru þau öll á Ási í Hveragerði. Í landshlutanum eru 122 dvalarrými.



Gerð hjúkrunar- og dvalarrýma

Hjúkrunarrými skiptast í einbýli og tvíbýli. Um 84% allra hjúkrunarrýma á Suðurlandi eru einbýli en um 16% eru enn starfrækt sem tvíbýli. Af dvalarrýmum eru um 88% einbýli og 12% tvíbýli.



Staða faglærðra starfsmanna hjúkrunarheimila

Ef litið er til fjölda hjúkrunarrýma á hvert stöðugildi hjúkrunarfræðings á hverjum stað er staðan ólík eftir heimilum. Allt frá 3 og upp í 25 hjúkrunarrými eru á hvern hjúkrunarfræðing. Fjöldi hjúkrunarrýma eru allt frá 1,5 til 15 hjúkrunarrými á hvert stöðugildi sjúkraliða. Séu þessar tölur dregnar saman má sjá að fjöldi hjúkrunarrýma á hvern faglærðan starfsmann telja allt frá 4 til 27 hjúkrunarrýmum. Verða aðstæður að teljast mjög ólíkar innan svæðisins og má þá sérstaklega nefna ólíkar aðstæður fyrir þau heimili sem eru innan heilbrigðisstofnunar, eins og á Selfossi, Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði. Á þeim stöðum er hjúkrunarfræðingur á vakt allan sólarhringinn. Á öðrum heimilum eru hjúkrunarfræðingar á bakvöktum á næturnar og sums staðar einnig á kvöldin.

Þörf á endurbótum og nýbyggingum

Af 12 heimilum svara 11 því játandi að húsnæði hjúkrunarrýma eða hjúkrunar- og dvalarrýma á staðnum þarfnist endurbóta. Þar af eru 6 heimili sem sótt hafa til framkvæmdarsjóðs aldraðra vegna endurbóta eða nýbygginga. Af þeim svöruðu 4 heimili því til að styrkur hafi fengist upp að einhverju marki úr sjóðnum.

Stærð og viðmiðanir hjúkrunarrýma

Sé litið til núverandi viðmiða um byggingu hjúkrunarrýma kemur í ljós að ekkert hjúkrunarheimili á Suðurlandi uppfyllir í dag núverandi viðmið og kröfur um stærð og aðbúnað hjúkrunarrýma og hjúkrunarheimila. Til grundvallar er skýrsla Velferðarráðuneytisins; *Skipulag hjúkrunarheimila - lágmarksviðmið um byggingu og starfssemi hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma, útg. júní 2014*. Meðal þess sem þar kemur fram er heildarskipulag rýma, í stað stofnana með sjúkrahúsum á fjölmönnum deildum, er gert ráð fyrir litlum einingum fyrir 6 – 12 íbúa. Einkarými hvers íbúa skal að lágmarki vera 28 fermetrar nettó að meðtöldu baðherbergi skv. viðmiðunum Velferðarráðuneytisins. Stærð hjúkrunarrýma á Suðurlandi eru allt niður í 10 fermetra á hvern einstakling. Meðalstærð hjúkrunarrýma ná ekki viðmiðunum ráðuneytisins nema á einu af 12 hjúkrunarheimilum á Suðurlandi.

Rekstrarstaða hjúkrunarheimila


Úr niðurstöðum könnunar meðal forstöðumanna hjúkrunarheimila á Suðurlandi, kemur í ljós að daggjöld ein og sér standa ekki undir rekstri heimilanna, þrátt fyrir að húsaleiga sé reiknuð inn í, þá eru einungis þrjú heimili sem segja að framlag til heimilisins standi undir rekstrinum, en þó án viðhalds húsnæðis og tækja. Upplýsingar frá um 10 heimilum gáfu til kynna að daggjöld þyrftu að hækka um 5 til 15% svo rekstur heimilisins stæði undir sér. Einn forstöðumaður taldi að daggjöld þyrftu að hækka um 20 til 25%. Áætla má út frá svörum forstöðumanna heimilanna að sveitarfélögin á Suðurlandi séu að greiða um 88 m.kr. með rekstri heimilanna og séreigna- og heilbrigðisstofnanir um 95 m.kr. eða samtals 183 m.kr. árið 2014. Þó ber þess að geta að ekki var hægt að fá tölulegar upplýsingar frá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja og má því áætla að upphæðin sé enn hærri eða um 200 milljónir króna árið 2014.

Aðstæður heimila eftir svæðum

Sérstaða svæðisins í heild liggur helst í miklu dreifbýli þar sem heimahjúkrun og félagsleg heimabjónusta er hlutfallslega dýr miðað við mörg önnur landssvæði. Þetta á almennt við í Rangárvallasýslu, V- og A- Skaftafellssýslum og í uppsveitum Árnessýslu.

Árnessýsla


Í Árnessýslu eru fimm öldrunarheimili. Heimilið Ás er í Hveragerði með 37 hjúkrunarrými, 1 hvíldarrými, 39 geðhjúkrunarrými og 50 dvalarrými, starfssemin er dreifð og þyrfti að komast undir sama þak. Blesastaðir á Skeiðum eru með 3 hjúkrunarrými, 2 hvíldarrými og 6 dvalarrými, Kumbaravogur á Stokkseyri er með 34 hjúkrunarrými og 4 dvalarrými, Sólvellir eru á Eyrarbakka og þar eru 5 hjúkrunarrými og 13 dvalarrými. Á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) á Selfossi eru einungis hjúkrunarrými en þau eru 38 talsins auk tveggja hvíldarrýma. Af þeim sem eru í hjúkrunarrýmum eru 16 einstaklingar í tvíbýli, 10 á Ási og 6 á Kumbaravogi. Ekki hefur verið fjárhagslegt svigrúm til viðhaldsverkefna eða endurbóta á neinu heimilanna. Þörf er á miklum endurbótum á öllum heimilunum nema á HSU. Telja forsvarsmenn þessara heimila að daggjöld þyrftu að hækka um 5-15% til að standa undir rekstri og viðhaldi. Athyglisvert er að öll öldrunarheimili í Árnessýslu fyrir utan HSU eru séreignarstofnanir. Einungis eitt heimili í Árnessýslu sótti um til framkvæmdarsjóðs aldraðra og var það heimilið að Sólvöllum. Í Árnessýslu eru 14 einstaklingar á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum, 5 á biðlistum eftir dvalarrýmum og 19 á biðlistum eftir hvíldarrýmum.



Rangárvallasýsla


Í Rangárvallasýslu eru tvö hjúkrunar- og dvalarheimili, Lundur á Hellu í Rangárþingi Ytra og Kirkjuhvoll á Hvolsvelli í Rangárþingi Eystra. Lundur er fyrst og fremst hjúkrunarheimili og eru hjúkrunarrými þar 30 talsins en þar eru einnig tvö dvalarrými. Elsti hluti bygginganna er orðinn 35 ára og þarfnast endurbóta. Framkvæmdir eru að hefjast á Lundi við nýbyggingu sem meðal annars á að rýma 8 hjúkrunarrými fyrir heilablaða, með þessu er ekki verið að fjölga rýmum heldur útrýma tvíbýlum. Á Kirkjuhvöllum á Hvolsvelli eru 20 hjúkrunarrými og 13 dvalarrými. Unnið er að fjármögnun á lagfæringum og stækkun Kirkjuhvöls sem á meðal annars að fela í sér nýja einingu 10 hjúkrunarrýma. Sótt hefur verið um til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem hafnaði beiðninni en nú í janúar 2015 sótti sveitarfélagið

aftur um. Í Rangárvallasýslu eru 5 á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum, 2 á biðlistum eftir dvalarrýmum og 8 eftir hvíldarrýmum.




Vestmannaeyjar

Í Vestmannaeyjum er rekið hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir. Þar eru 28 hjúkrunarrými, 1 hvíldarrými og 8 dvalarrými. Þörf er á ýmsum endurbótum á húsnæðinu, sótt hefur verið um til Framkvæmdasjóða aldraðra vegna endurbóta á húsnæði núna í janúar 2015. Mikill hallarekstur hefur verið á heimilinu og telja forsvarsmenn heimilisins að daggjöld þyrftu að hækka um 20 til 25% til að standa undir rekstrinum. Fyrir utan Hraunbúðir eru 7 hjúkrunarrými á heilbrigðisstofnuninni. Á hvorugum staðnum er lokuð deild fyrir heilabilaða og telja forsvarsmenn heimilanna að brýn þörf sé á að koma upp slíkri deild í Vestmannaeyjum. Í Vestmannaeyjum eru 6 einstaklingar á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum, 11 á biðlistum eftir dvalarrýmum og 9 á biðlista eftir hvíldarrými.




Vestur-Skaftafellssýsla

Á Kirkjubæjarklaustri er heimilið Klausturshólar. Þar eru 16 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými. Rekstur hefur ekki getað staðið undir eðlilegum endurbótum eins og víðast hvar annars staðar. Einungis einn hjúkrunarfræðingur er starfandi á svæðinu sem einnig sinnir bakvöktum. Sveitarfélagið er fámennt og á því erfitt með að reynast heimilinu sterkur fjárhagslegur bakhjarl. Meðalaldur íbúa sveitarfélagsins er einnig hár sem eykur enn á birgðar sveitarfélagsins. Í Vík í Mýrdal er rekið heimilið Hjallatún og eru þar 12 hjúkrunarrými og 6 dvalarrými. Unnið hefur verið að breytingum á herbergjum, sérstaklega með það að marki að geta betur sinnt þeim sem þurfa meiri aðstoð. Heimilið hefur verið rekið með töluverðum halla og vilja forsvarsmenn þess meina að daggjöld þurfi að aukast um allt að 15% til að rekstur standi undir sér, þrátt fyrir ýmsar hagræðingaraðgerðir sem farið hefur verið í. Í V-Skaftafellssýslu er 2 einstaklingur á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum, enginn á biðlistum eftir dvalarrýmum og 1 á biðlista eftir hvíldarrými.




Austur-Skaftafellssýsla

Á Höfn í Hornafirði hefur hjúkrunar- og dvalarheimilið verið rekið samhliða heilbrigðisstofnuninni. Þar eru 24 hjúkrunarrými og 6 dvalarrými. Þörf er á endurbótum en fyrst og fremst á nýbyggingu í stað núverandi rýma. Tveir einstaklingar deila að jafnaði hverju herbergi í hjúkrunarrýmum og telur einkarými einstaklings um 10 fm². Stærð einkarýma er því helsta vandamálið og kemur í veg fyrir góðan aðbúnað þeirra sem þar dvelja og umönnunaraðila þeirra sem þurfa að sinna íbúum við ófullnægjandi skilyrði. Sérstaka svæðisins felst einnig í löngum vegalengdum og miklu dreifbýli sem gerir heimahjúkrun og heimaþjónustu erfitt fyrir. Í A-Skaftafellssýslu er 1 einstaklingur á biðlista eftir hjúkrunarrými, 2 einstaklingar á biðlista eftir dvalarrýmum og 2 einstaklingar eru á bið eftir hvíldarrýmum.



Staða á biðlistum


Á Suðurlandi eru samtals 28 á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum, 20 eftir dvalarrýmum og 39 eftir hvíldarrýmum. Flestir eru á biðlistum í Árnessýslu eða 38 einstaklingar, 15 einstaklingur í Rangárvallasýslu, 26 í Vestmannaeyjum, 3 í V-Skaftafellssýslu og 5 í A-Skaftafellssýslu.




Parfaggreining

Íbúapróun á landinu öllu

Heildarfjöldi landsmanna taldi 321.346 við árslok 2014. Mannfjöldaspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að íbúum fjölgi um tæp 11% á næstu 10 árum og verði orðnir 364.163 árið 2025. Er um að ræða miðspá Hagstofunnar um mannfjöldapróun á árinu 2014 til ársins 2025.




Samkvæmt spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að á næstu 10 árum fjölgi í aldurshópnum 67 ára og eldri um 41,1%. Ákveðnir aldurshópar skera sig úr og er spáð fyrir um að fjölgun í aldurshópnum 75 til 79 ára verði á sama tíma 60%.



Íbúaþróun á Suðurlandi

Sunnlendingar voru 25.946 við árslok 2014. Nokkurt jafnvægi hefur verið milli aðfluttra og brottfluttra í landshlutanum en einhverjar sveiflur hafa verið milli ára í einstökum sveitarfélögum. Sé eingöngu litið til mannfjöldaspár Hagstofunnar má því gera ráð fyrir að heildarfjöldi Sunnlendinga verði um 28.748 árið 2025 miðað við um 10,8% fjölgun íbúa eða í samræmi við spár fyrir landið allt.

Aldurssamsetning Sunnlendinga er þó frábrugðin landinu í heild. Meðalaldur íbúa er hærri og því hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 67 ára og eldri á Suðurlandi en á landinu í heild. Það sama á við um þann aldurshóp sem mun ná 67 ára aldrinum á næstu 10 árum. Hlutfallslega hár aldur íbúa mun því hafa hlutfallslega meiri áhrif á áætlaða þörf á fjölda hjúkrunarrýma á Suðurlandi næstu áratuginna.



Reiknuð þörf fyrir hjúkrunarrými í dag

Við mat á þörf fyrir fjölda hjúkrunarrýma er m.a. stuðst við reiknireglu Velferðarráðuneytisins. Metin þörf er heildarfjöldi aldraðra á svæðinu (reiknaður sem hlutfall af heildarfjölda aldraðra á landinu). Hlutfallið er 1,5% af íbúafjölda á aldrinum 67 til 74 ára, 4,5% íbúafjölda á aldrinum 75 til 79 ára og 20% íbúafjölda 80 ára og eldri. Gert er ráð fyrir að af reiknaðri þörf séu 10 til 15% hjúkrunarrýma skilgreind sem hvíldarrými.

Reiknuð þörf á fjölda hjúkrunarrýma á Suðurlandi er samkvæmt þeirri reiknireglu eru 255 rými fyrir Suðurland en hjúkrunarrými á Suðurlandi eru 260 í dag. Velferðarráðuneytið áætlar að innan reiknaðrar þarfar séu 10 til 15% hjúkrunarrýma skilgreind sem hvíldarrými. Einungis eru 7 hjúkrunarrými af þeim 260 rýmum á Suðurlandi eru skilgreind sem hvíldarrými í dag eða einungis um 3%. Reiknuð þörf á einnig að taka tillit til þeirra sem eru á biðlistum. Á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum eða hvíldarrýmum eru 56 einstaklingar. Núverandi eftirspurn telur því 316 hjúkrunarrými. Reikniregla Velferðarráðuneytisins vanmetur því heildarþörfina upp á um 30%.

Parfaggreining hjúkrunarrýma á Suðurlandi 2015 til 2025

Við framsetningu á reiknaðri þörf hjúkrunarrýma árið 2025 er gengið út frá sömu forsendum og við reiknaða þörf á hjúkrunarrýmum í dag, samkvæmt reiknireglu Velferðarráðuneytisins. Miðað er við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir um 41% fjölgun íbúa í aldurshópnum 67 ára og eldri á næstu 10 árum. Mannfjöldaspáin gerir nánar tiltekið ráð fyrir 46,9% fjölgun í aldurshópnum 67 til 74 ára, 59,6% fjölgun meðal 75 til 79 ára og 20,3% fjölgun meðal 80 ára og eldri. Sú mannfjöldaspá er lögð til grundvallar við áætlun um fjölda íbúa á Suðurlandi árið 2025 í tilgreindum aldurshópum eftir svæðum en ekki fæst sundurliðun niður á einstök sveitarfélög eða sýslumörk frá Hagstofu Íslands og er því gengið út mannfjöldapróun út frá núverandi fjölda íbúa á hverjum stað til að fá nánari mynd á hvert svæði fyrir sig.

Samkvæmt reiknireglu Velferðarráðuneytisins er gert ráð fyrir að hjúkrunarrýmum þurfi að fjölga um 65 rými á Suðurlandi til ársins 2025 eða um 25%. Sé miðað við núverandi þörf eftir hjúkrunarrýmum og áætlaða þörf árið 2025, miðað við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, er aukningin allt að 190 rými eða um 70%. Meðan reikniregla Velferðarráðuneytisins vanmetur þörfina má vera að síðari nálgunin ofmeti hana að einhverju leyti, hvað varðar biðlista eftir hvíldarrýmum, sem hlutfallslega gætu dregist saman ef framboð héldist stöðugt yfir lengri tíma og innlagnir og útskriftir úr hvíldarrýmum yrðu þar með reglulegri.

Mikilvægt er að fram komi að hvergi er of mikill fjöldi rýma þar sem öll rými svæðisins eru fullnýtt. Einstaklingar í þörf fyrir hjúkrunarrými og hvíldarrými á Suðurlandi flæða innan svæðis og því nýtast öll pláss sem til falla óháð staðsetningu.

